



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2010

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun 555. mál.

Samtökin setja sig ekki á móti samþykkt þessa frumvarps þó þau telji að hagræðing af sameiningu þeirra stofnana sem ráðgert er að sameinist í nýrri Vinnumarkaðsstofnun, sé fyrir skjólstæðinga samtakanna óverulegur og allnokkuð minni, en áður fyrirhugaður samruni Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlits og Tryggingastofnunar.

Landssamtökin Þroskahjálp eru sjálfstæð heildarsamtök á landsvísu sem hafa innan sinna vébanda 22 aðildarfélög um allt land. Samtökin hafa sérstaklega barist fyrir hagsmunum fólks með þroskahömlum, sem er sá hópur fatlaðs fólks sem oft býr við sína skerðingu allt frá fæðingu. Af því leiðir að þetta er hópur sem oft öðlast lítil sem engin réttindi á vinnumarkaði. Samtökin hafa ávallt haft það á stefnuskrá sinni að fatlað fólk fái sem mest af sinni þjónustu hjá almennum stofnunum samfélagsins m.a. að atvinnumál fatlaðra séu vistuð með öðrum atvinnumálum. Það kallar hinsvegar á að almennar stofnanir taki tillit til ólíkra þarfa og reynslu ólíks fólks í samfélaginu.


Vinnumarkaðsstofnun er m.a. ætlað víðtækt hlutverk við gerð starfshæfnismats, starfsendurhæfingu og sérhæfðra atvinnutilboða. Allt eru þetta þættir sem varða skjólstæðinga samtakanna. Þroskahjálp telur því afar brýnt að hagsmunum og sérstöðu sinna skjólstæðinga sé haldið til haga.


Því telja samtökin það nauðsynlegt að þau tilnefni fulltrúa í stjórn Vinnumarkaðsstofnunar skv. 3. grein frumvarpsins og samráðsnefnd skv. 5. grein.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa fylgst með umræðu og tillöguflutningi þar sem gengið er út frá að starfsendurhæfing verði að stórum hluta á verksviði og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins. Út af fyrir sig gera samtökin ekki athugasemdir við aðkomu þeirra aðila en minna á, að margir af skjólstæðingum samtakanna eru þar ekki innanbúðar svo vandséð er hvernig aðild þeirra að þeirri starfsendurhæfingu verður tryggð. Landssamtökin Þroskahjálp vara við því að til starfsendurhæfingar sé stofnað með tvennum hætti, annarsvegar fyrir fólk sem hefur verið virkt á vinnumarkaði en dottið þaðan út tímabundið og hinsvegar fyrir þá einstaklinga sem hafa verið utan vinnumarkaðsins um lengri tíma eða aldrei átt aðkomu að honum.

Landssamtökin Þroskahjálp gjalda varhug við mismunun hvað varðar endurhæfingu og ítreka kröfu sína um að eiga aðild að stjórnun og nefndum hinnar nýju stofnunar.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Gerður A. Arnadóttir, formaður


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri